



Hafnarfjörður

Hafnarfjörður 15. 12 2022

Leikskóli - stytting vinnuvikunnar

Málsnúmer - 2212233

Þroskaþjálfafélag Íslands

Fyrirkomulag

Þroskaþjálfar í leikskólum Hafnarfjarðar hafa kosið 36 stunda vinnuviku. Með tilliti til bókunar 8 við kjarasamning þroskaþjálfra við Samband íslenskra sveitarfélaga um breytingar á vinnutíma leikskólakennara á slík breyting einnig við um þá þroskaþjálfra sem starfa í leikskólum.

Árleg uppsöfnun sem tekin er út og raðað á ákveðna daga yfir árið. Samtals 23 dagar. Með árlegri uppsöfnun er hægt að stilla af skólastigin hvað varðar starfs- og vinnutíma sem er mikilvægur þáttur í því að auka og halda jöfnu flæði á milli skólastiga.

Sú sama og hjá Félagi leikskólakennara, uppsöfnun upp á 23 daga á ári sem tekin er út um jól, páska og vetrarfrí. Sumarleyfi er skipulagt þannig að það falli vel að verkefnastöðu og áherslum í starfi hverju sinni.

Uppsöfnun á styttingu hófst 1. desember 2022 og byrjar úttekt hjá félagsmönnum þann 21. des – 2. jan. með fyrirvara um samþykki bæjarráðs.

Mælikvarðar, markmið:

- Auka starfsánægju.
- Auka flæði kennara milli skólastiga.
- Endurmat: Metnar verða niðurstöður starfsmannasamtala og skoðaðar niðurstöður vinnustaðagreiningar.